

**Sviðslistadeild**

**Sviðshöfundabraut**

**Stafrænir miðlar og nýttækni í Íslenskum Sviðslistum.**

**Ritgerð til BA prófs á Sviðshöfundabraut  
Sigurjón Bjarni Sigurjónsson**

**Vorönn 2016**

**Sviðslistadeild**

**Sviðshöfundabraut**

**Stafrænir miðlar og nýttækni í Íslenskum Sviðslistum.**

**Ritgerð til BA í Sviðshöfundabraut**

**Sigurjón Bjarni Sigurjónsson**

**Kt.: 300788-2549**

**Leiðbeinandi: Ágerður Guðrún Gunnarsdóttir, Alexander Roberts.**

**Vorönn 2016**

## Úrdráttur

Í þessari ritgerð fjalla ég um stafræna miðla og nýttækni og hvernig þeim er tekið í sviðslistum á Íslandi, Svíþjóð, Finnlandi og Ástralíu. Byggir þessi ritgerð á eiginlegri rannsókn sem ég gerði og byggir mest megnis á opnum viðtölum. Viðmælendur mínir sem eru listamenn og fræðimenn sem eiga það öll sameiginlegt að hafa unnið mikið með stafrænum miðlum og nýttækni í sviðslistum. Segja viðmælendur mínir frá sinni reynslu af því að vinna með nýttækni og stafræna miðla í sviðslistum í sínum heimalöndum. Hvernig viðhorfið er innan þeirra fagumhverfis, hvernig styrktarumhverfið er í þeirra löndum og hvert sé mikilvægi rannsókna á nýttækni og stafrænum miðlum innan sviðslista. Á Íslandi er ekki mikið notast við stafræna miðla eða nýttækni í sviðslistum og langaði mig að sjá hvort það sama ætti við önnur lönd. Samkvæmt viðmælendum mínum er talsverð íhaldsemi og tortryggni gagnvart stafrænum miðlum og nýttækni í sviðslista umhverfinu í þeirra löndum sem og á Íslandi. Gefa viðmælendur mínir sítt álit á afhverju svo er og í seinni hluta ritgerðarinnar er fjallað um þær ástæður og reynt að gera grein fyrir því afhverju þær eru til staðar og hvernig væri mögulega hægt að yfirstíga þær.

## Efnisyfirlit

### Úrdráttur

<b>1. Inngangur.....</b>	<b>bls 5</b>
<b>2. Viðtöl. ....</b>	<b>bls 7</b>
2.1 Viðmælendur.....	bls 7
2.2 Tenging viðmælenda við stafræna miðla og nýttækni.....	bls 9
2.3 Styrkir og fjármunir.....	bls 11
2.4 Viðhorf og möguleikar í starfsumhverfi sviðslista.....	bls 15
<b>3. Úrvinnsla úr svörum viðmælenda.....</b>	<b>bls 22</b>
3.1 Íhaldsemi í leikhúsinu.....	bls 23
3.2 Innlendir styrkir og sjóðir.....	bls 23
3.3 Leikhúsið formið.....	<b>bls 23</b>
<b>Lokaaorð.....</b>	<b>bls 26</b>
<b>Heimildarskrá.....</b>	<b>bls 27</b>

## 1. Inngangur

Um sumarið árið 2015 var gerð rannsókn sem bar nafnið *Stafrænar sviðslistir*. Í þessari rannsókn var fjallað um hvernig stafrænir miðlar og nýmiðlar eru notaðir í sviðslistum á Íslandi og notkun stafrænna þeirra kortlögð. Niðurstöðurnar voru á þá leið að mjög lítið hafi verið notast við stafræna miðla í sviðslistum síðustu 5 árin. Í rannsókninni kom einnig fram að frá árunum 2010-2015 voru skráð 319 sviðsverk hjá Sviðslistasambandi Íslands og af þessum 319 sviðsverkum voru 14 verk sem gátu talist hafa nýtt sér stafræna miðla.<sup>1</sup> Það kom mörgum á óvart hvað þessi tölfræði var lág vegna þess að stafrænir miðlar og nýtækni eru það algeng í nútíma samfélagi og langaði mig að rannsaka afhverju tölfræðin væri svona lág.

Rannsóknarspurning þessarar ritgerðar er því eftirfarandi.

- *Hvernig er hægt að ýta undir meiri nýtingu á stafrænum miðlum og nýtækni í Íslensku sviðslistar umhverfi?*

Þessi ritgerð er byggð á eiginlegri rannsókn á stafrænum miðlum og nýtækni í sviðslistum.

Rannsóknin er unnin upp úr opnum viðtölum við fjóra einstaklinga frá fjórum löndum sem vinna við stafræna miðla og nýtækni í sviðslistum, þau segja frá reynslu sinni og tala um starfsumhverfið í sínu heimalandi. Viðmælendur eru Steinunn Knútsdóttir (Ísland) deildarstjóri sviðslistardeildar Listaháskóla Íslands og stofandi net leikhúsins Herbergi 408, Erik Rosales (Svíþjóð) sviðslistamaður og stofnandi leikhópanna Sirqus Alfons og D1gits. Jaakko Lenni Taattola sem vinnur við nýmiðladeild háskólans í Tampere og er einnig skipuleggandi samtaknana Theater and New Technology. Matt Delbridge (Ástralía) sem er Head of Theater Tasmanian College of the Arts, sagnfræðingur og fræðimaður um *motion capture* tækni.

Viðtalið við Steinunni gefur góða sýn á hvernig umhverfið er á Íslandi og viðtölin við Erik, Matt og Jaakko eru til þess að fá samanburð við Svíþjóð, Finnland og Ástralíu. Í þessari ritgerð hef ég notast við sömu skilgreiningu á hugtakinu stafrænir miðlar og var notuð í rannsókninni *Stafrænar Sviðslistir* og er hún eftirfarandi.

---

<sup>1</sup> Gréta Kristín Ómarsdóttir, Ragnheiður Harpa Leifsdóttir Sigurjón Bjarni Sigurjónsson  
Stafrænar Sviðslistir. Reykjavík. Sótt 1 Febrúar 2016. bls 62  
[http://lhi.is/sites/lhi.is/files/atoms/files/stafrænar\\_sviðslistir\\_vefinn.pdf](http://lhi.is/sites/lhi.is/files/atoms/files/stafrænar_sviðslistir_vefinn.pdf)

„ Í þessari rannsókn eru stafrænir miðlar skilgreindir sem efni eða boðleiður sem eru á stafrænu formi, þ.e skapaðir og/eða miðlað um tölvur. Stafrænt myndefni, Veraldarvefurinn, samfélagsmiðlar, tölvuforrit, CD-ROM, hugbúnaðir, netsíður og mp3 skjöl eru dæmi um stafræna miðla. Með stafrænum sviðslistum er átt við leiksýningar eða hverskyns performansa þar sem tölvutæknin er í aðalhlutverki, ýmist sem miðill verka, í uppbyggingu þeirra eða sem hluti fagurfræðinnar; frekar en sem viðbót. Þetta getur verið allt frá vörpun á skjá í leikmynd fyrir framan áhorfendur, að motion-capture? mapping eða stafrænu rými á CD-ROM eða veraldarvefnum sem áhorfendum er veittur aðgangur að. Stafrænar sviðslistir skiptast gjarnan í tvennt. Annarsvegar má nefna svokallað video-conferencing þar sem streymt er á milli staða til áhorfenda eða á milli performera og svo hinsvegar stafrænar danssýningar sem notast við motion-capture og gagnvirkt mapping. Þá verður tæknin líkt og dansari og á í gagnvirku samspili með performerum. Í þessari rannsókn teljum við einnig með verk sem fjalla um hið stafræna, verk sem sviðsetja tækni. Með sviðsettri tækni er t.d. átt við þegar viðjói er gert að líta út fyrir að vera gagnvirt þó það sé það ekki í rauninni. Lítið er á sviðsetta tækni sem atlögu að stafrænni frásögn, miðlun eða fagurfræði og hún því talin með”<sup>2</sup>

Til að leita svara við spurningunni þá mun ég stikla á stóru um starfsreynslu viðmælenda minna, þeirra reynslu af styrktarumhverfinu, hvernig þau hafa fjármagnað rannsóknar verkefni í fortíðinni, hvernig er verið að nýta stafræna miðla og nýttækni í sviðslistum í þeirra heimalöndum, hvernig viðhorf sviðslistaheimsins er gagnvart stafrænum miðlum og nýttækni hér heima og erlendis og hvaða lausnir að þeirra mati gætu valdið meiri notkun á stafrænum miðlum og nýttækni í sviðslistalífinu. Ég mun byrja á að fara í gegnum viðtölin sem tekin voru, þar á eftir mun ég taka saman þá punkta sem úr þeim komu.

---

<sup>2</sup> Gréta.Ragnheiður.Sigurjón. Stafrænar sviðslistir bls 3

## 2. Viðtöl.

### 2.1 Viðmælendur.

Steinunn Knútsdóttir er deildarstjóri sviðslistadeildar LHÍ og rekur einnig netleikhúsið herbergi 408.<sup>3</sup> Herbergi 408 hefur unnið mikið í kringum stafræna miðla og á internetinu og voru tilnefnd til Prix Europa verðlaunanna árið 2010 í flokki nýmiðla<sup>4</sup> Erik Rosales er sænskur sviðslistamaður sem hefur verið að fást mikið við nýttækni og stafræna miðla í sinni list. Hann stofnandi leikhópsins Sirkus Alfons og hópsins D1gist og vinnur einnig sem tækni og nýmiðla ráðgjafi fyrir Ríksteatern í Stokkhólmi.<sup>5</sup>

Jaakko Lenni Taattola er samskipta stjóri fyrir The Centre for Practise and Research in Theater við Háskólann í Tampere.

Matt Delbridge sem er Head of Theater Tasmanian Collage of the Arts, sagnfræðingur og ransóknarmaður þegar kemur að motion capture í sviðslistum. Hann stofnaði einnig the Deakin Motion Lab í Ástralíu ásamt Kim Vincs.

Einnig hafði ég samband við Joris Weijdom stofananda MAPLAB en því miður náðist ekki að taka viðtal við hann í tæka tíð.

Allir þessir aðilar eru meðlimir að samtökunum TNT (Theater and New technology) sem er norrænt tengslanet sem hefur það að leiðarljósi að rannsaka möguleika nýttækni og stafrænna miðla í sviðslistum.<sup>6</sup> Allir viðmælendur mínir hafa margra ára starfsreynslu og mikla þekkingu á starfs og styrkja umhverfi heimalanda sinna. Þau fengu öll sömu spurningar sem voru eftirfarandi:

- *Hver er þín tenging við stafræna miðla og nýttækni?*
- *Hvar fékkstu áhuga á nýmiðlum og nýttækni?*
- *Hvernig er styrktar umhverfið í þínu landi í dag?*

---

<sup>3</sup> „Info.” *Herbergi 408*. 09. febrúar 2016  
[http://herbergi408.is/wordpress/?page\\_id=220](http://herbergi408.is/wordpress/?page_id=220)

<sup>4</sup> „Info.” *Herbergi 408*. 09. febrúar 2016  
[http://herbergi408.is/wordpress/?page\\_id=220](http://herbergi408.is/wordpress/?page_id=220)

<sup>5</sup> „The Team.” *D1gits*, 08. Febrúar 2016 <http://d1gits.com/#the-team>

<sup>6</sup> „About TNT.” *Theater and new Technology*. 20 Janúar 2016  
<http://theatreandnewtechnology.com/>

- Þegar þú ert að vinna að verkum sem notast við nýmiðla og tækni hverjir eru samstarfsaðilar þínir, sem eru þá að fjárfesta í verkinu?
- Myndirðu segja að það væri þekking á þeim möguleikum sem nýmiðlar og nýttækni geta boðið uppá í leikhúsinu?
- Í þínu fagumhverfi hvernig er viðhorfið gagnvart nýmiðlum og nýttækni?
- Hefur þú séð mikla nýtingu á stafrænum miðlum og nýttækni í leikhús umhverfinu í þínu heimalandi?
- Finnst þér það vera nauðsynlegt fyrir sviðlistir að það séu gerðar svona rannsóknir?
- Hvernig nálgast þú nýmiðla og nýttækni í þinni sköpun?
- Myndirðu segja að það væri auðvelt að verða sér út um styrki til þess að vinna með nýmiðla-nýttækni í sviðslistum?
- Hvernig myndir þú sjá fyrir þér að starfsumhverfið gæti breyst? Hvað þyrfti að gerast?

Með þessum spurningum er ég að vonast til að fá skýra mynd af landslaginu í Skandinavíu og fá betri innsýn inn í sviðslistarheiminn í Skandinavíu. Sjá hvort að notkun stafrænna miðla og nýttækni sé jafn lág annarstaðar, hvort að viðhorfið gagnvart þessum miðlum sé það sama annarstaðar og ef ekki svo hvernig er viðhorfið öðruvísi. Hvernig er styrktarumhverfið öðruvísi í öðrum löndum og hvernig er þekking fólks á þessum efnum.



## 2.2 Tenging viðmælenda við stafræna miðla og nýttækni.

*Hver er þín tenging við stafræna miðla og nýttækni?*

Tenging Steinunnar við stafræna miðla og nýttækni er að hún hefur lengi verið að rannsaka tungumál sviðslista með notkun allra hugsamlegra miðla, samskipti fólks nú til dags fara mikið fram í stafrænu rými í snjallsímum. Áhuginn kviknaði út frá rýmum því í leikhúsi er alltaf unnið með rými hvort sem það séu leikhúsrými, svartur kassi eða side specific. Hún fór að hugsa um internetið sem rými sem hægt væri að nýta til uppsetningar. Búa til brú á milli þess raunverulega og hins stafræna. Steinunn hefur verið að rannsaka hvernig hægt er að nýta þessa miðla í leikhúsi og líka hvort hægt sé að færa leikhúsið yfir í það stafræna, hvort hægt sé að nýta hið stafræna á lífrænan hátt innan leikhússins. Herbergi 408 hefur verið tilraunastofa þar sem þau hafa verið að gera tilraunir á stafrænum miðli sem áhorfendur þekkja og kunna á og færa leikhúsið þangað. Skoða hvernig áhorfandinn er öðruvísi í stafræna rýminu heldur en í því líkamlega.<sup>7</sup>

Hópur Eriks Sirqus Alfons byrjaði sem götulistahópur og komu þeir fram á götum í hinum ýmsu borgum Svíþjóðar í 7 ár áður en þeir fengu þeir tækifæri á að setja upp sýningu í leikhúsi. Þeir fengu þá í fyrsta sinn að vinna með þá tækni sem leikhúsið bauð uppá. Þeir voru fljótir að prófa hana alla og fara síðan að bæta við nýrri tækni sem var ekki að finna í leikhúsinu.

„ ...When I was young technology was something geeky and nerdy that just a few people were into. But now my kids know how to handle an Ipad like they were born to use it, technology is no longer for a few people. And through technology now I have a lot of connections with people that talk the same language, and this way of communicating has really been an eye opener.”<sup>8</sup>

---

<sup>7</sup> Steinunn Knútsdóttir, Sþyrill Sigurjón Bjarni Sigurjónsson, Listaháskóli Íslands Febrúar 8, 2016

<sup>8</sup> Erik Rosales, Sþyrill Sigurjón Bjarni Sigurjónsson, Skype, Febrúar 4, 2016

Starf Jaakko er einu skrefi frá skapandi vinnu, vinna hans er að finna nýja tækni og miðla og listafólk og sameina þau saman í kringum rannsóknarspurningu og reyna þannig að stuðla að nýjungum í tæknihugsun. Eins og hann gerir með TNT samtökunum.<sup>9</sup>

Matt talaði um að tækni væri stór partur af hans rannsóknum og aðferðum hans bæði sem rannsakandi og listamaður. Hann lítur á ný tækni og stafræna miðla sem náttúrulegan stað sem við sem listamenn erum komnir að, og hann lifir og hrærist á þessum stað á hverjum degi.<sup>10</sup>

### *Hvernig nálgast þú nýmiðla og ný tækni í þinni sköpun?*

Erik nálgast nýmiðla og ný tækni eins og töframaður notar spilastokk, allir vita hvað spilastokkur er og hvernig á að nota hann, en svo gerir töframaðurinn eitthvað sem á ekki að vera hægt að gera og sýn þinn á spilastokk er allt önnur. Erik og hópurinn hans D1gits hafa verið að vinna með Ipad sem er tækni sem mjög algeng og flestir kunna á og gera hluti með þá sem ekki ætti að vera hægt, með því að blanda saman tækni og töfrum. D1gits er til dæmis með atriði þar sem við notum Ipad og töfra. Við birtum myndir af blómum á skjáinn og síðan látum við höndina yfir sjáinn og drögum blómið út úr skjánum. Erik segir að þetta snúist um að vera í samtali við áhorfandann,

„... We do not want the audience to sit back and feel like they know what is going to happen. But we want them to sit up and think “ Oh shit I have to focus here because I have no idea what is coming next”.<sup>11</sup>

Þar sem Jaakko er ekki listamaður og talar um sig sem fræðimann, finnst honum mikilvægast að reyna að komast að því hvernig samskipti ákveðin tækni skapar og hvernig hægt sé að nýta hana í sambandi við aðra tækni. Honum finnst mikilvægt að listamenn finni upp sína eigin tækni til þess að fullkomna sína sýn.<sup>12</sup>

Matt talaði um að nálgast alla ný tækni af forvitni, maður eigi ekki að loka á neitt, maður viti aldrei hvaða möguleika eitthvað hefur fyrr en maður er búinn að

---

<sup>9</sup> Jaakko Lenni-Taattola, Spyriill Sigurjón Bjarni Sigurjónsson, Skype, Febrúar 3, 2016

<sup>10</sup> Matt Delbridge , Spyriill Sigurjón Bjarni Sigurjónsson, Skype, Febrúar 19, 2016

<sup>11</sup> Erik Rosales

<sup>12</sup> Jaakko Lenni-Taattola

rannsaka það. Margir hlutir hafa ekki verið nýttir til fullnustu vegna þess að fólk af einhverri ástæðu ákvað að það ætti ekki við eða væri óhentugt að vinna með það.<sup>13</sup>

*Hvar fékkstu áhuga á nýmiðlum og nýtækni?*

Erik sagði að nýtækni og miðlar gæfu honum svo mikinn innblástur og þaðan kæmi áhuginn, það er svo mikið sem er að gerast og alltaf nýjir hlutir að koma á markað.

„...I like it because it is just copy paste, It's like they say „good artist borrow great artist steel”, and in technology if you steal a little from all these new places you are just creating something new.”<sup>14</sup>

Matt hóf starfsferill sinn innan sviðslista sem tæknimaður og sviðsstjóri, þegar leið á tímum fór áhugi hans að leiða að flóknari tækni sem hægt væri að nota við uppsetningar. Í dag liggur áhugi hans í að jafna á milli nýtækni og stafræna miðla og hefðbundinna uppsetningaleiða.<sup>15</sup>

Það má því sjá að viðmælendur okkar koma víða úr sviðslistar heiminum og hafa mismunandi nálgun á hvernig þeir vinna með stafræna miðla og nýtækni. En þau hafa það sameiginlegt að vera öll með brennandi áhuga á stafrænum miðlum og nýtækni og það var sá áhugi sem kom þeim á þann stað sem þau eru á í dag.

### **2.3 Styrkir og fjármunir.**

*Hvernig er styrktar umhverfið í þínu landi í dag?*

Steinunn talaði um að það væru mjög takmarkaðir peningar hér á Íslandi. Þeir styrkir sem renna til leikhópa eru svo litlir og eru ekki með neinar undir flokkar, þannig það eru engir styrkir til þróunar eða tilraunarvinnu. Hægt er að sækja um rannsóknar styrki í háskólaumhverfinu hjá stofnun eins og Rannís og öðrum samkeppnis sjóðum en listir hafa fengið lítið brautagengi þar. Þeir styrkir sem hægt er að fá eru yfirleitt mjög lágir og þeir eru bara til þess að vinna að uppsetningu

---

<sup>13</sup> Matt Delbridge

<sup>14</sup> Erik Rosales.

<sup>15</sup> Matt Delbridge

samkvæmt þeirri formúlu sem er ráðandi í sviðslista umhverfinu í dag. Þannig það er lítið verið að styðja frumkvöðla eða tilrauna starf innan sviðslista.<sup>16</sup>

Erik segir að það sé gífurlega erfitt í Svíþjóð og að þeir hafi framleiðanda sem starfi við það að reyna að verða þeim út um styrki. Það sé í raun henni að þakka ásamt því að þeir séu búnir að vera í bransanum í mörg ár og hafi náð að skapa sér nafn að þeir fái styrki.<sup>17</sup>

Jaakko segir að umhverfið sé mjög erfitt í Finnlandi. Það er gífurlega mikil samkeppni um þá styrki sem eru í boði þegar kemur að nýsköpun. Það er mjög flókið að sækja um og púsla saman verkefnum, hvaða listamenn á að fá, hvaða styrktar aðila. Til að geta skapað samstarf sem hefur möguleika á að bjóða upp á útkomu sem hefur ekki sést áður.<sup>18</sup>

Matt sagði að umhverfið er gífurlega erfitt í Ástralíu, opinberir styrkir eru fáir og flestir eru byrjaðir að leita til auglýsinga iðnaðarins og tæknifyrirtækja til þess að fjármagna rannsóknir en þá eru þær ekki sérstaklega listmiðaðar.<sup>19</sup>

Það sést hér að það eru fáir styrkir í öllum þeim löndum sem viðmælendur mínir koma frá. Í Skandinavíu er þó möguleiki á að leita til auglýsinga iðnaðarins eða til tæknifyrirtækja til þess að fá fjármagn en sú aðferð virðist ekki vera eins algeng á Íslandi.

*Þegar þú ert að vinna að verkum sem notast við nýmiðla og tækni hverjir eru samstarfsaðilar þínir, sem eru þá að fjárfesta í verkinu?*

Þegar kemur að samstarfsaðilum sem fjárfesta í verkum þessara listamanna, þá segir Steinunn að það sé stórt vandamál hér á Íslandi hvað það sé lítið fjármagn í öllu því sem heitir tilraunir í leikhús heiminum. Það eru alltof litlir peningar og því hefur hún þurft að sækja í samstarfsaðila eins og LHÍ. Vegna skort á fjármunum neyðist maður til að fara ódýrustu leiðina að allri nýtækni. Þegar fólk er að gera tilraunir þá gerir maður það fyrir utan stofnana leikhúsins, þau hafa ekki pláss fyrir tilraunir. Það virðist vera lítill skilningur á afhverju slíkar tilraunir ættu að vera gerðar. Engin innan

---

<sup>16</sup> Steinunn Knútsdóttir

<sup>17</sup> Erik Rosales

<sup>18</sup> Jaakko Lenni-Taattola

<sup>19</sup> Matt Delbridge

stofnanna leikhúsa eru að kalla eftir þessum tilraunum, allar tilraunir sem hún hefur gert eru sjálfsprottnar og enginn er að bíða eftir niðurstöðum. Einnig er erfitt að vinna rannsókn almennilega því fjármagnið er svo lítið að ekki er hægt að ráða fagfólk í því sviði sem er verið að rannsaka t.d. forritara, tölvunarfræðinga og fleira. Rannsakendur hafa ekki efni á að sækjast eftir slíkum samstarfsaðilum og því fer ekkert af þeirra hugviti í rannsóknina. Þetta er mikið vandamál fyrir þá listamenn sem hafa áhuga á nýrri tækni og stafrænum miðlum, þeir hafa ekki aðgang að nýjustu tækninni vegna þess að þeir sem eru að vinna að nýrri tækni eru úti á öðrum markaði sem listamenn á styrkjum geta ekki fjárhagslega keppt við.<sup>20</sup>

Erik segir að hann sé í raun sá sem fjármagnar og fjárfestir í þeim verkum sem hann vinnur með Sirques Alfons. Ástæðan fyrir því er sú að hann gerði verk sem varð viral (hugtak sem er notað þegar myndband fær mikið áhorf á netsíðum eins og youtube.com) með hópnum D1gits sem hann er búinn að vera túra með 2 svar í mánuði í 4 ár. Laun fyrir eina sýningu hjá D1gits gerir honum kleift að borga leigu og halda fjölskyldunni sinni uppi í mánuð, allur annar peningur sem kemur inn notar hann í að fjárfesta í nýrri tækni og forritum sem Sirques Alfons getur notað í sínum verkum. Hann hefur þó hlotið ýmsa styrki á borð við Kultur Bryggen sem er sænskur menningastyrkur sem hefur það að leiðarljósi að tengja saman auglýsinga heiminn við sviðslista heiminn í Svíþjóð. Einnig var D1gits hópurinn hans að hljóta styrk frá Inovative Kultur sem var uppá 300 þúsund sænskar krónur til þess að rannsaka hvernig er hægt að nýta Hologram tækni í leikhúsi. Erik segir að það sé mjög erfitt að verða sér út um styrki ef það væri ekki fyrir velgengni D1gits þá væri líf hans talsvert flóknara og ekki vissst að hann gæti unnið við það sem hann gerir í dag. Styrktar umhverfið í Svíþjóð er mjög erfitt og það er í raun auðveldara fyrir hópna sem vinna með nýmiðla að sækja styrki í auglýsingar iðnaðinn. Leikhópurinn hans Sirques Alfons vann sýningu með Riksteatern árið 2011, þar var mikið af nýtækni beitt og talar Erik að það hafi verið talsverðir fjármunir sem komu að þeirri sýningu.<sup>21</sup>

Þar sem Jaakko er talsmaður fyrir skólastofnun þá eru rannsakendur í vinnu við skólann, en annars reyna þeir að koma saman listafólki og fyrirtækjum þannig skapandi samstaf geti átt sér stað.<sup>22</sup>

---

<sup>20</sup>Steinunn Knútsdóttir

<sup>21</sup> Erik Rosales

<sup>22</sup> Jaakko Lenni-Taattola

Matt hefur vinnur með ýmsum einstaklingum og fyrirtækjum. En þau verkefni sem hann hefur komið að eru oftast sértæk og beinast að rannsókn á nýttækni og hvernig er hægt að nýta hana í sviðslistum. Þannig að þeir sem fjármagna hans verkefni og rannsóknir eru ofar en ekki fyrirtæki eða stofnanir sem eru þegar innvested í tækni og vilja sjá hvert er hægt að fara með hana.<sup>23</sup>

Virðist eftirspurn á nýrri tækni vera mjög lítil á Íslandi miðað við hvað Steinunn segir en aftur á móti virðist vera aðeins meira á ske á Svíþjóð miðaða við styrkinn sem Erik hefur fengið. Hafa þó allir viðmælendur það sameiginlegt að hafa þurft að leita annað en til opinbera styrkja til þess að fjármagna verkefni sem þeir hafa verið í.

Þegar spurt er hvort að það sé auðvelt að verða sér úti um styrki til þess að vinna með nýmiðla eða nýttækni í sviðslistum þá sagði Steinunn að það væri ekki auðvelt að verða sér út um styrki því þeir fáu sem eru til staðar eru allir miðaðir að uppsetningu, það segir sig sjálf að ef maður er að vinna tilraun getur maður ekki vitaða útkomuna fyrirfram. Það virkar illa í umsókn, í umsókn verður að taka nákvæmlega fram hvað gera skal of hver útkoma á að vera.<sup>24</sup>

Erik sagðist ekki geta sagt til um það þar sem hann hefði bara sótt um styrki sem tengdust stafrænum miðlum og nýttækni.<sup>25</sup>

Jaakko talaði um að það væri mjög erfitt því það væri allt miðað af uppsetningum á annan boginn og að ákveðni niðurstöðu á hinn. Það sé mjög erfitt að fá fjármagn fyrir rannsókn því fólk vilji bara sjá lokaútkomuna strax. Þetta snýst um að selja hugmyndina sína þannig að fólk haldi að það græði á henni og það hefur áhrif á umsóknina og á vinnuferlið. Það er aldrei veittur styrkur til rannsóknar sem er bara rannsóknarinnar vegna.

Matt talar um að fjármagn sé alltaf vandamál þegar út í þá sálmannanna er farið. En það sé komið núna skiljanlegt fordæmi fyrir því að listamenn séu að vinna með tækni iðnaðinum til þess að prufukeyra ýmsar útgáfur af forritum og búnaði. Það sem hann hefur heyrt þá eru sumir af hans kollegum í Skandinavíu að para sig saman með stórum tæknifyrirtækjum til þess að fá styrki fyrir verkefnum sem þeir vinna með

---

<sup>23</sup> Matt Delbridge

<sup>24</sup> Steinunn Knútsdóttir

<sup>25</sup> Erik Rosales

tækni fyrirtækjanna en hann var ekki viss um hvort það væri í listrænum tilgangi. En annars væru styrkir mjög sjaldgæfir.<sup>26</sup>

Það sést að það er erfitt að verða sér út um styrki í þessum löndum. Öll fjögur tala þau um fáa styrki, lítið fjármagn, mikla samkeppni og erfitt umsóknarferli. Svo virðist sem í öllum löndum sé mikil pressa á lokaniðurstöðu sem hefur áhrif á rannsóknina eða verkið sjálft. Fólk fær ekki frelsi til þess að gera tilraunir og vera frjálst í sínum rannsóknum. Heldur búa þau til ramma strax í byrjun rannsóknarinnar til þess að geta fengið styrk og eru svo inn í honum í gegnum allt ferlið. **Sem lætur mann setja spurningarmerki við gæði styrksins, ef maður horfir bara á einn hlut þá sér maður ekki í kringum sig, hver veit hvað maður er að missa af.** Ef rannsókn er ekki opin og gerir margar mismunandi tilraunir með viðfang sitt þá er ekki hægt að vita hvaða möguleikar eru til staðr. Þar sést að það er galli í styrktarkerfinu sem byggir á gömlum vinnu standard, gömlum vinnu aðferðum sem eiga ef til vill ekki við þegar kemur að rannsóknum með stafræna miðla og nýttækni vegna þess að rannsóknir á þeim eiga ekki bara að vera gerðar innan þess ramma sem nútíma leikhúsið er heldur verður að fara nýjar og ótroðnar slóðir þegar kemur að þeim tilraunum.

#### 2.4 Viðhorf og möguleikar í starfsumhverfi sviðslista.

*Þegar spurt er hvort að það væri þekking á þeim möguleikum sem nýmiðlar og nýttækni geta búið uppá í leikhúsinu sagði Steinunn að fólk væri meðvitað á þeim möguleikum en það væri enginn áhugi til staðar, vitneskjan er til staðar en ekki viljinn til þess að fara þangað. Leikhús á Íslandi haldi mikið í gamalt form og stafrænir miðlar færu vissulega smám saman inn í það form og breyti því hægt og rólega en það er enginn sem væri að taka skrefið til fulls og þora að gera nýja hluti. Það hefur bæði með hefðina í leikhúsinu að gera sem og fjármagns skortinn.*

Erik talaði um að hann héldi að enginn vissi í raun fyrirfram hverjir möguleikarnir eru fyrir nýja tækni og miðla. Það væri ekki fyrr en tæknin væri komin í hendurnar á neytandanum sem maður gæti séð hvað hún verður. Hann tók sem dæmi

---

<sup>26</sup> Matt Delbridge

að SMS skilaboð hefðu fyrst verið fundin upp til þess að höfða til viðskipta heimsins og verið markaðsett þannig en hefði ekki náð til hans, það voru unglingar sem byrjuðu að nota þessa tækni sem hafði ekki verið séð fyrir.<sup>27</sup>

Jaakko sagði:

„I´d say there is, but it presents itself in the marginal. The mainstream does not necessarily do the innovative experiment work. It rather absorbs the results once they are proven to work.“<sup>28</sup>

Matt sagði að fólk vissi ábyggilega mikið um hvað sé í boði og það hafi alltaf verið hefð fyrir því að ný tækni sé prófuð í leikhúsum. Það sé náttúrulegt fyrir leikhús og listamenn að taka öllum nýjungum fagnandi. Það sé hans starf að rannsaka leiðir til að gera ný tækni og stafræna miðla aðgengilegri fyrir áhorfandann og leikhúsin.<sup>29</sup>

*Varðandi nýtingu á stafrænum miðlum og ný tækni í leikhús umhverfinu í þínu heimalandi,*

Sagði Steinunn að á Íslandi væri ný tækni oftast tekin inn í stofnanaleikhúsið til þess að skipta út fyrir gamla. Auðvitað er búið að taka inn nýja tækni til að skipta út gömlum og spara kostnað en það er ekki verið að nota þessa miðla til þess að breyta hvernig við segjum sögur í leikhúsinu.<sup>30</sup>

Erik sagði að hann væri að taka eftir breytingum í sviðslistarumhverfinu í Svíþjóð fyrst núna, enda væri búið að ráða hann sem tæknilegan ráðgjafa í Stadsteateren í Stokkhólmi þar sem hann er að hjálpa við að þróa þrívíddar tækni og hologram tækni í leikhúsinu þar. Hann sagði að hann væri ekki viss um að það hefði verið ráðist í þannig verkefni nema vegna vinsælda þrívíddar tækni í bíómyndum og þó það sé tiltölulega gömul tækni þá sýnir það samt að leikhúsin þar eru að reyna að höfða til fólks með tækni sem er búinn að sýna sig að virka í öðrum afþreyingar greinum.<sup>31</sup>

---

<sup>27</sup> Erik Rosales

<sup>28</sup> Jaakko Lenni-Taattola

<sup>29</sup> ??

<sup>30</sup> Steinunn Knútsdóttir

<sup>31</sup> Erik Rosales



Jaakko sagði að í Finnlandi væri mikið um að leikhús og leikhópar væru að prufa sig áfram með stafræna miðla og nýttækni en það væri margt af því á frumstigi og það væri aðeins meiri gróska í öðrum geirum listrinnar en nóg samt af því í sviðslistum að það væri eftirtektarvert. Ein af ástæðum fyrir stofnun TNT var sú einmit að virkja þetta og koma fólki sem er að prufa þessa hluti saman, og þannig getur það hjálpast á með að sýna hverjir möguleikarnir eru þegar kemur að þessum hlutum.<sup>32</sup>

Matt talaði um að hann sæi mikið af stafrænum miðlum og nýttækni í sviðslistum í sínu heimalandi, en aftur á móti þá er ég að sækjast mikið í hópa sem nota slíka tækni.<sup>33</sup>

Á Íslandi er er nýttækni tekin inn til þess að ganga gamallar tækni í stað, Svíþjóð er að taka skref í áttina á tæknivæddari leihúsi, í Finnlandi eru tækninýjunar í jaðrinum en mikil gróska er í Ástralíu samkvæmt Matt Delbridge.

*Varðandi viðhorf gagnvart nýmiðlum og nýttækni sagði Steinunn að innan fagumhverfis hennar væri fólk yfir höfuð mjög nýjungagjarnt og skotið í allri tækni, það hafa orðið breytingar á tækni í leikhúsum með tilkomu videó mapping og fleiru. En allir þeir nýmiðlar sem eru teknir inn þjóna gömlu formi. Nýmiðlar og tækni sem og stafrænir miðlar eru því ekki að hafa áhrif á leikhúsið heldur er verið að fá þá inn í staðinn fyrir eldri hluti eins og leikmyndir. Steinunn talaði um ákveðna íhaldsemi sem ríkir þegar kemur að leikhúsi á Íslandi sem hefur ollið því að stafrænir miðlar og nýttækni hafa ekki náð að hjálpa leikhúsinu að þróast. Fólk líti á nýja hluti og aðferðir sem ógn því þær eru ekki fyrirjáanlegar.<sup>34</sup>*

Jaakko segir að þar sem hagkerfið er almennt að falla þá breytast viðhorf stofnanna í samræmi við það. Vegna ástandsins er erfitt að búa til langtíma áætlun flestum fögum.

Hann sagði að það væri að vísu áhugi til staðar en hann væri meiri í öðrum geirum.<sup>35</sup>

Hóparnir sem Erik tilheyrir vinna bæði í sviðslista umhverfinu og í auglýsingar umhverfinu og Erik segir að viðhorfið gagnvart nýttækni og nýmiðlum séu mjög ólík þar. Í auglýsinga iðnaðinum sé mikill áhugi á stafrænum miðlum og nýrri

---

<sup>32</sup> Jaakko Lenni Taatoola

<sup>33</sup> Matt Delbridge

<sup>34</sup> Steinunn Knútsdóttir.

<sup>35</sup> Jaakko Lenni-Taattola

tækni. Auglýsingar iðnarðurinn sé alltaf að reyna að finna nýjar leiðir til þess að ná til fólks. En í sviðslistum er fólk aðeins fjarlægari þessum miðlum, og fólk virðist ekki skilja afhverju maður ætti að vera nýta sér þessa tækni. Einnig talar Erik um að nálgunin á tækni og stafræna miðla sé öðruvísi á þessum sviðum, ef maður hlýtur styrk frá sviðslista heiminum til þess að vinna með nýmiðla þá á nálgunin alltaf að vera frá listrænu sjónarhorni, en þegar maður hlýtur styrk frá auglýsinga iðnaðinum þá fjallar rannsóknin um hvað fólk finnst. Sviðslistabransinn lítur niður á svoleiðis, því þá er verið að vinna með nýmiðla og tækni til þess að þóknast fólk, og að þeirra mati ekki verið að einbeita sér að listinni. Þó auðvitað sé fólk sem hafi mikinn áhuga á stafrænum miðlum og nýttækni í sviðslistum í Svíþjóð en þeir séu fáir.<sup>36</sup>

Í fagumhverfi Matt's er að hans eigin sögn blanda af ótta og skilningi á stafrænum miðlum og nýttækni, einnig er mikil aðdáun á þeim og þrá til þess að hafa aðgang að meiru. Málið með nýttækni og stafræna miðla sé að það sé litið á þá sem óæðri leið á því að skapa list en það sé einfaldlega ekki málið. Stór partur af hans vinnu er að útskýra tækni fyrir fólk til þess að fólk átti sig á þeim möguleikum sem tæknin býr yfir.<sup>37</sup>

Viðhorf fólks í fagumhverfi viðmælenda minna virðast vera mjög skeptísk á nýja tækni, virðist mikill ótti vera gagnvart nýjungum. Erfitt sé að fá nýja tækni inn í það og virðast leikhúsin bara vilja vinna með hefðbundnum leiðum.

Þegar spurð hverníð viðmælendur myndu vilja sjá starfsumhverfið breytast og hvað þyrfti að gerast til þess að það gerðist talaði Steinunn um að það þyrftu að eiga sér samfélagslegar breytingar, markaðurinn stýrir okkur mjög mikið. Það þyrftu að vera fleiri leikhús sem væru óháð markaðslögmálum. Miðasala drífur rekstur leikhúsanna, þannig að tilraunir með nýmiðla hafa engan stað þar nema fólk geti samþykkt það að þessar rannsóknir þjóni markaðinum á einhvern hátt. Það mætti líka bæta styrktar umhverfið, listamenn þurfa tíma til að vinna úr hugmyndum og gera tilraunir og það vantar skilning á því í styrktar umhverfinu. Það ætti að vera trygging fyrir því að það sé alltaf rannsóknir í gangi þegar kemur að listum, rétt eins og það eru alltaf rannsóknir og rannsóknar stofur í gangi í öðrum fögum eins og iðnaði og tækni.

---

<sup>36</sup> Erik Rosales

<sup>37</sup> Matt Delbridge

Það þarf líka að gerast í menntun, við þurfum að vera opnari og í takt við okkar samtíma. Þurfum að vera meðvituð um hvaða sögur við erum að segja og hvernig við segjum þær.<sup>38</sup>

Erik talaði um að þetta væri sérstakt ástand, þar sem hann hefur tengingu bæði við auglýsinga iðnaðinn og sviðslistir sér hann tvær öfgar, annarsvegar gífurlega mikinn áhuga og hins vegar lítinn. Fólki er mjög íhaldsamt og er hrætt við nýjungar, það vill ekki vera að fjárfesta tíma og pening í eitthvað sem það skilur ekki. En svo mikið af nýjungum hafa sýnt sig vera svo góðar, en breytingar gerast hægt. Það þarf meira af styrkjum svo að fólk geti gert tæknina ekki beint aðgengilegri heldur vinalegri. Fólk heldur í gamla hluti hvort sem það er tækni eða hefð því það er það sem þau þekkja og maður þarf að sýna þeim að það stafar enginn ógn af nýjungum.<sup>39</sup>

Samkvæmt Mark þá er hlutverk tækni í dag í nútíma sviðslistum að taka ekki forgang yfir innihald sýningar. Oft og mörgum sinnum hefur maður séð sýningar sem keyra á nýrri tækni og innihald sýningarinnar er ekki nóg. Markmiðið ætti að vera að koma nýtækni inn í sýningar á þannig hátt að það virki náttúrulegt.<sup>40</sup>

Þegar spurð hvort þeim fyndist rannsóknir með stafræna miðla og nýtækni nauðsinlegar fyrir sviðslistir sagði Steinunn að slíkar rannsóknir væru nauðsynlegar því það þarf að bæta í flórana, netið er framlenging af okkur, það væri svo mikil breidd í sviðslistum að það er óhjákvæmilegt að fjalla um stafræna miðla. En við yrðum að rannsaka nýja hluti, en til þyrfti pening og náttúrulega líka pólitík, við yrðum að styðja framgang lista í samfélaginu í dag, listin yrði að fá brautagengi. Það yrði að vera pláss fyrir tilraunir, pláss fyrir allt leikhús.

Hægt væri að sjá á framgangi stjórn mála manna í dag að það væri mikill ótti um að við séum að missa þjóðararfinn, þess vegna hangi fólk í fortíðinni, en lífið sé ekki í fortíðinni, lífið sé í framtíðinni. Það er framtíðin sem við eigum að vera að hugsa um. Þess vegna yrðum við að samþykkja nýja hluti sem umkringja okkur, við munum ekki gleyma því gamla það mun ekki tapast, það sem er mikilvægt tapast ekki, þú einfaldlega tekur það með þér inn í stafrænan raunveruleika.

Ef við lítum á rekstarform sviðslista í dag þá getur maður spurt sig hvort það sé lífvænlegt að reka svona stór framleiðslu hús. Er það gott fyrir listina? Er verið að

---

<sup>38</sup> Steinunn Knútsdóttir

<sup>39</sup> Erik Rosales

<sup>40</sup> Matt Delbridge

standa vörð um sviðslistir með því að reka svona stór hús? Það er rosalega bindandi að reka svoleiðis stofnun. Eru þau að hlúa að listinni? Ekki sögunni eða þjóðmenningunni heldur listinni. Hér í leikhúsunum þá eru listrænar stjórnendur þeir eru að taka, ekki listrænar ákvarðanir heldur rekstrarlegar ákvarðanir og það er rosalegur munur. Ef þú ert listamaður og þú átt bara að hætta að hugsa um listina og þú átt bara að fara að hugsa um rekstur auðvitað er það hluti að því sem maður gerir fyrir sjálfan sig til að tryggja að þú getir lifað. En ef þetta er aðal fókusinn þá er vegið að list forminu framganginum og mikið af því sem við erum að fókusa á, á þessu plani hérna í sviðslistum eru rekstur og hlutir sem hafa alltaf annað að gera en innihald og eðli þess þetta á að varðveita. Þessar þælingar geta haft mikið að gera með stafræna miðla því að þessi stafræni heimur sem að við lifum í hann er ekki bundinn í steinsteypu, hugsun og sköpun hún flæðir á allt annan hátt. Þú finnur það þegar þú ert inná veraldarvefnum þetta eru ekki byggingar heldur hugmyndir sem ferðast hratt, og svo höldum við að við getum bara byggt einhvern steinsteypu kubb og haft verkstæði og sett eitthvað á svið og það spegli veruleikann? Sem það getur örugglega gert líka en við erum bara orðin svo vön þessu að við hugsum í þannig leikhúsum. Við hugsum að próduksjón? taki tvo mánuði. Við hugsum í svona stöðluðum formum og við gleymum því sjálf að þau eru þarna. En stundum er þetta akkurat fyrir okkur. Af því þú gengur inn í vegg, það er ekki leikhús það er bara ein leið á að framleiða produkt. Og við köllum þetta leikhús og þetta er allt í einu orðið viðmiðið að leikhúsi. Við þorum ekki að taka alvöru skref til að spyrja alvöru spurninga og þetta er bara nýr heimur þessar tölvur og hvernig við fúnkerum og hugsum. Þú og ég höfum alist upp á öðrum tímum en ég finn þig. Leikhúsið er tjáningamáti og stafrænir miðlar þurfa að vera með þetta er okkar veruleiki. Ætlum við bara alltaf að vera segja einhverjar sögur sem eru ekki úr okkar veruleika?<sup>41</sup>

Jaakko talaði um að það væri nauðsynlegt fyrir sviðslistir að slíkar rannsóknir væru gerðar, og vonandi verður alltaf til fólk sem sér um útdeilingu styrkja sem sér mikilvægi þess að halda áfram að rannsaka nýjar leiðir til skapa. Það er partur af hans starfi að sjá til þess að slíkar rannsóknir séu gerðar upp að vissu marki og hann hafi þegar séð mikinn árangur úr því starfi.<sup>42</sup>

---

<sup>41</sup> Steinunn Knútsdóttir

<sup>42</sup> Jaakko Lenni-Taattola

Erik vildi meina að svona rannsóknir væru það sem gerðu leikhúsið 10 árum á eftir tækninni, en ef þessar rannsóknir væru ekki þá væri leikhúsið 20 árum á eftir. Rannsóknir og tilraunastarfsemi kynnir fólk fyrir nýjum leiðum til þess að skapa og segja sögur, en eins og með svo margt þá þarf fólk að venjast þessum hlutum, hafa þá í umhverfinu í smá tíma, prufa þá og síðan getur það tekið þá í sátt.<sup>43</sup>

Matt sagði að það væri mikilvægt að leika sér, með því að leika sér öðlast maður þekkingu sem maður getur nýtt til þess að taka skref áfram, þess vegna eru rannsóknir og tilraunir ómetanlegar.<sup>44</sup>

Þegar kemur að vitneskju um hvað stafrænir miðlar og nýttækni gætu boðið upp á í listum töluðu allir viðmælendur um að það væri vissulega vitneskja þó að hún væri ekki endilega ??

Viðmælendur sögðu að það væri vitneskja upp að vissu leiti þó að listaheimurinn væri ekki mikið í því að vinna rannsóknarvinnuna heldur taka þeir bara það sem hefur sýnt sig að það hafi virkni fyrir leikhúsið. Þarna mætti ef til vill bæta því eins og sagt var vita framleiðendur ekki endilega hvað tæknin þeirra mun verða þó þeir hafi að vísu hugmyndir fyrr en það er komið í hendurnar á neytanda sem þíðir að möguleikar eru margir. Sviðslistaheimurinn gæti því komið til móts við framleiðendur og leift listafólki sínu að prufa nýja tækni og reyna að láta hana aðlagast leikhúsinu. En ástæðunnar fyrir því að það er ekki gert eru nokkrar, íhaldsemi leikhússins er ein, að ný tækni kemur bara í stað fyrir þá gömlu og því þróast leikhúsið ekki ef til vill í þá átt sem það gæti vegna þess að það hugsar aldrei út fyrir það form sem það er í heldur uppfærir það bara. Líka eru efnahagslegar ástæður, hagkerfið er óstöðugt og síbreytilegt þannig stefnuskrá leikhús og fjárhagsáætlun breytast ár frá ári. Allir viðmælendur eru sammála um mikilvægi rannsókna í þessum efnum, tilrauninnar séu það sem valdi þróun og breytingum innan leikhúsbransans og að þær verði að fá meiri stuðning.

---

<sup>43</sup> Erik Rosales

<sup>44</sup> Matt Delbridge

### 3. Úrvinnsla úr svörum viðmælenda.

Í þessum köflum mun fara yfir niðurstöðunar úr viðtölunum, mun fjalla um þær hindranir og helstu vandamál sem viðmælendur mínir töluðu um.

#### 3.1 Íhaldsemi í leikhúsi

Steinunn Knútsdóttir og Erik Rosales töluðu bæði um íhaldsemi í leikhúsi heiminum gagnvart nýttækni og stafrænum miðlum, Steinunn talaði líka um þjóðerniskenndina og óttann í samfélaginu við að gleyma því sem við höfum. Fræðimaðurinn Pierre Nora sagði í bók sinni *Lieux de Mémoire* að við tölum svo mikið um minningar (sögu, arf) vegna þess að það er svo lítið eftir af þeim<sup>45</sup>. Hægt er að tengja við þessa kenningu hans við sem Íslendingar höfum mikinn sagna arf og hefur það verið rótgróið í menningu okkar að varðveita hann. Minna okkur á hvaðan við komum og hverju við höfum áorkað sem þjóð. Sumir segja að leikhúsið eigi að minna okkur á þetta. Gefa okkur frí frá því sem er að gerast í kringum okkur og sýna okkur ræturnar. Gefa okkur frið frá hinum rafræna samtíma, taka okkur frá áreitinu frá sínum okkar, tölvum og auglýsingum og gefa okkur nánd. Nánd sé það eina sem leikhúsið hafi fram yfir aðra miðla og nánd sé það sem fólki vanti mest í nútíma samfélagi. Við erum hætt að tala saman, hætt að horfa í augun á hvort öðru, reiðum okkur bara á rafræn samskipti. Við kynnumst ekki lengur hvort öðru í alvöru heldur bara í gegnum samfélagsmiðla, þar sem við erum í raun ekki við sjálf heldur einhverskonar birtingarmynd af okkur sem við höldum að samfélagið vilji að við séum. Birtandi myndir af okkur og skrifandi statusa til þess að fá annað fólk til að samþykkja okkar eigin tilvist.

En á móti má vitna í fræðimanninn Roger Luckhurst sem sagði:

„...*Memory can tyrannically blind you and impose a determining identity you might wish to resist.*”<sup>46</sup>

Ef maður fókusar á fortíðina einungis þá blindast maður á nútíðina og framtíðina. Arfur okkar sem þjóðar mun eflaust ekki hverfa bara þó að við byrjum að nota nýja tækni, en að vissu getur hver einstaklingur ábyggilega tengt við það að vera hræddur

---

<sup>45</sup> Dixon, Steve og Barry Smith. *Digital performance: A history of new media in theater, dance, performance art and installation*. Cambridge, MA: MIT Press, 2007

bls 541

<sup>46</sup> Luckhurst, “Memory Recovered Memory,” 83-84

við það sem við þekkjum ekki. Það má tengja það við okkar frumeðli, hið óþekkt er ógnvekjandi og þar gætu leynst hættur, en það er aðeins ein leið til þess að komast að því og það er að kanna hið ókannaða.

Það gildir það sama list og með fólk, ef ekki hefði verið gerðar tilraunir með nýttækni og sviðslistir væru þær ekki á þeim stað sem þær eru í dag og hlutir eins og snúnings svið, ljóskastarar og hljóðkerfi eru bara lítill hlutur af því sem tæknin hefur komið með í leikhúsið.

Má tengja betur við fræðina, sem og það má fara aðeins ítarlegra í hana

### **3.2 Innlendir styrkir og sjóðir**

Í viðtölunum sem tekin voru var mikil áhersla lögð á styrki, hérna er upplýsingar um þá styrki sem standa sviðslistafólki opnir til þess að verða sér út um fjármagn hér á landi.

Styrki til atvinnuleikhópa eru 92 milljónir á ári, Listamannalaun til sviðslistahópa eða listamanna sem eru 190 styrktarmánuðir sem er skipt niður á listamenn.

Menningarstyrkir Reykjavíkurborgar eru styrkir frá 300 þúsund upp í 2 milljónir.<sup>47</sup>

Einnig er hægt að sækja um samkeppnis rannsóknar styrk hjá Rannís. Árið 2015 bárust 357 styrktar umsóknir til rannís og 72 verkefni fengu styrk. Eitt af þeim verkefnum tengdist íslensku sviðslistalífi.<sup>48</sup> Sem segir okkur að í samkeppnis styrkjum er áherslan ekki mikið lögð á stafræna miðla og nýttækni.

### **3.3 Leikhús Formið.**

Það má ef til vill segja að leikhús ramminn eins og hann er í dag sé ekki alveg byggður til þess að gefa fólki færi á að gera tilraunir með nýttækni og stafræna miðla. Steinunn talaði um að leikhús á Íslandi þjónuðu markaðslögmálum sem og hinir viðmælendur sem töluðu um íhaldsemi innan leikhússins. Getur maður þá sett spurningarmerki við rekstarform leikhúsa á Íslandi í dag, er í raun hægt að sjá um rekstur á annan hátt? Það er svo sannarlega hægt eins og við sjáum hjá Þjóðleikhúsinu í Wales.

---

<sup>47</sup> (Ásgerður Guðrún Gunnarsdóttir, munnleg heimild 18. Janúar 2016)

<sup>48</sup> <http://lhi.is/news/nyskopunarsjodur-namsmanna-uthlutar-8-verkefnum-styrk>

Þjóðleikhúsið í Wales er leikhús sem er styrkt af Wales ríkisstjórninni, þau bjóða uppá leikhús og þjónustu á velsku. Þau eru ekki með leikhús byggingu eða verkstæði og vinna *side specific*, þau nýta sér mikið nýmiðla og eru 90 prósent sustainable ísl. Fyrirkomulagið hjá leikhúsinu er á þann veg að þau reka ekki leikhús byggingu eða verkstæði.

Þau fá styrk frá ríkisstjórninni í Wales gegn því að varðveita tungumálið en á sama tíma fara þau nýjar leiðir í að setja upp sýningar og reiða sig mikið að nýmiðla. Með ekkert hús til að halda uppi og lítinn hóp af starfsfólki geta þau nýtt það fjármagn sem þau fá til að prófa að finna nýjar leiðir til þess gera leikhús og finna nýjar leiðir til þess að gera leikhús sem byggir ekki á hinu hefðbundna formi sem er ríkandi í evrópu.<sup>49</sup>

Þjóðleikhúsið í Wales er því gott dæmi um leikhús sem er að fara nýjar leiðir þegar kemur bæði að uppsetningum og vinnuferli og að svona vinnuaðferð sé raunhæfur möguleiki.

Í samanburði við þau lönd sem viðmælendur mínir koma frá (Finnland, Svíþjóð og Ástralía) getum við séð að Ísland er ekki að nota stafræna miðla og nýttækni jafn mikið í sviðslistum. Eins og var minnst á í byrjun þessarar ritgerðar kemur það fram í rannsókninni Stafrænar sviðslistir að einungis 14 sýningar af 319 á seinustu 5 árum notuðust við stafræna miðla. Það gerir 4.3 %<sup>50</sup>, ef maður setur það í samhengi við hversu stór partur stafrænir miðlar eru af daglegu lífi meðal mans í dag þá er þetta lítil prósent.

Við höfum einungis tölfræði frá Íslandi því samskonar rannsóknir hafa ekki (að vitneskju höfundar, þrátt fyrir mikla leit) verið gerðar. En samkvæmt viðmælendum mínum virðist vera meira hefð fyrir því að nota nýttækni og stafræna miðla í sviðslistum í heimalöndum þeirra en það hér á landi.

Ef við líkjum þessu við snjallsíma sem er eitt mest notaða tæki í dag, Þá eru sviðslistir eru eins og gamall snjallsími, á hálfis árs fresti koma nýjar uppfærslur á símann sem

---

<sup>49</sup> Cynllun laith Gymraeg Welsh language scheme. The national theater of Wales. 12. Febrúar 2016

<https://www.nationaltheatrewales.org/sites/default/files/attachments/NTW%20Welsh%20Language%20Scheme%20ENGLISH.pdf>

<sup>50</sup> Gréta.Ragnheiður.Sigurjón. Stafrænar sviðslistir bls 62



eru sammt miðaðar við nýrri síma, en síminn virkar alveg, hann getur hringt og sent sms og eigandi símans talar um að það sé í raun það eina sem hann þarf. En hlutverk snjallsíma í nútíma samfélagi er miklu meira en það að hringja bara og senda sms. Með tilkomu samfélagsmiðla þá er búist við því að þú getir, tjékkað ísl á póstinum þínum, tekið hágæða myndir og deilt þeim á samfélagsmiðlum. Hringt myndsímtöl og tjékkað á bankanum þínum. Farið á internetið og horft á sjónvarpið. Það er nauðsynlegt að uppfæra tækið sjálft, fá sér nýjan síma til þess að geta gert þessa hluti því ef þú reynir að uppfæra gamlan síma þá hægist bara á honum því vegna þess að búnaðurinn er það gamall að getur ekki fúnkerað sem verður til þess að hann byrjar að versna og hægast á honum, og á endanum hættir hann að geta hringt eða sent sms. Ef að leikhúsið á að vera í samtali við samtíman þá verður það að vera meðvitað um hvað er að gerast í samtímanum.

Tækni þróunin er hröð og spennandi, maður finnur fyrir kynslóðarbili núna á nokkrum árum, fyrir tíu árum var hlutverk farsíma að hringja og senda sms og sumir símar buðu upp á að komast á internetið. Í dag eru farsímar aðalega notaðir til þess að vera á netinu, sms skilaboð eru send í gegnum internetið, farsímar hafa ólíka merkingu fyrir þá sem fæddust fyrir 15 árum og þeim sem fæddust fyrir 10 árum. Í rannsókninni Stafrænar Sviðslistir rákust rannsakendur á vegg þegar kom að skilgreiningu á stafrænum miðlum, það voru mismunandi skilgreiningar á því hugtaki eftir kynslóðum.

## Lokaorð.

Það er greinilegt frá þessari rannsókn að nýttækni og stafrænir miðlar á Íslandi hafa ekki verið nýttir á þann hátt sem þeir gætu verið. Þó við getum ekki komist að því hvað það er nákvæmlega sem er að standa í vegi fyrir því að það gerist þá má sjá að þrír af viðmælendum mínum sem vinna í Skandinavíu tala um að sviðslistaumhverfið sé íhaldsamt gangvart nýttækni og stafrænum miðlum.

Allir viðmælendur mínir tala um að það sé erfitt að verða sér út um styrki til þess að gera rannsóknir á hvað sé hægt að gera með nýttækni og stafræna miðla. Erlendu viðmælendur mínir tala um að þeir leiti til styrkja hjá fyrirtækjum eða til auglýsinga iðnaðarins og þannig náí þeir að fjármagna mikið af sýnum styrkjum.

Þrír af viðmælendum mínum sögðu að það væri mikil vitneskja um möguleika sem væru í boði með nýttækni og stafrænum miðlum.

Allir viðmælendur mínir töluðu um að það væri að koma meiri stafrænir miðlar og nýttækni inn í sviðslistir í þeirra löndum en ekki í miklu magni og mjög hægt.

Þegar kom um viðhorf til nýttækni og stafræna miðla í fagumhverfi allra viðmælenda töluðu þrjú þeirra um að það væri talsverð íhaldsemi í sviðslistaheiminum gagnvart nýjungum.

Allir viðmælendur eru samála um að það þurfi að auka styrktar umhverfið svo hægt sé að vinna betur að rannsóknum með nýttækni og stafræna miðla og allir viðmælendur eru á sama máli með það að slíkar rannsóknir eru mjög mikilvægar fyrir sviðslistarheiminn.

Þannig við sjáum að miðaða við þau lönd sem viðmælendur mínir koma frá þá stendur Ísland frekar aftarlega þegar kemur að nýtingu stafræna miðla og nýttækni í sviðslistum, það þarf ekki að þýða að það muni ekki breytast, leikhús úti í heimi eru hægt og rólega að opna dyrnar fyrir nýttækni. Því algengara sem það verður að nýta stafræna miðla og nýttækni í sýningum erlendis því algengara verður það á Íslandi. Áhrifin koma ávallt utanfrá en það þýðir ekki að við eigum bara að bíða það eru hlutir sem hægt er að gera hér á landi núna svo við getum tekið þátt í þessari þróun sem er að eiga sér stað. Við getum aukið styrktar landslagið hér á landi og séð til þess að rannsakendur og listamenn fái fjármuni til þess að vinna með stafræna miðla og nýttækni til þess að sjá hvernig hægt er að nýta þá á sem bestan hátt.

## Heimildarskrá.

„About TNT.” *Theater and new Technology*. 20 Janúar 2016

<http://theatreandnewtechnology.com/>

Cynllun Iaith Gymraeg Welsh language scheme. The national theater of Wales. 12.

Febrúar 2016

<https://www.nationaltheatrewales.org/sites/default/files/attachments/NTW%20Welsh%20>

[Language%20Scheme%20ENGLISH.pdf](https://www.nationaltheatrewales.org/sites/default/files/attachments/NTW%20Welsh%20Language%20Scheme%20ENGLISH.pdf)

Erik Rosales, Spyrill Sigurjón Bjarni Sigurjónsson, Skype, Febrúar 4, 2016

Gréta Kristín Ómarsdóttir, Ragnheiður Harpa Leifsdóttir Sigurjón Bjarni Sigurjónsson  
Stafrænar Sviðslistir. Reykjavík. Sótt 1 Febrúar 2016. bls 62

[http://lhi.is/sites/lhi.is/files/atoms/files/stafrænar\\_sviðslistir\\_vefinn.pdf](http://lhi.is/sites/lhi.is/files/atoms/files/stafrænar_sviðslistir_vefinn.pdf)

“Herbergi 408 tilnefnt til Prix Europa 2010.” *Morgunblaðið* 17 september 2010. Sótt  
5 febrúar 2016 á <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1349145/>

„Info.” *Herbergi 408*. 09. febrúar 2016 [http://herbergi408.is/wordpress/?page\\_id=220](http://herbergi408.is/wordpress/?page_id=220)

Jaakko Lenni-Taattola, Spyrill Sigurjón Bjarni Sigurjónsson, Skype, Febrúar 3, 2016

Matt Delbridge , Spyrill Sigurjón Bjarni Sigurjónsson, Skype, Febrúar 19, 2016

Steinunn Knútsdóttir, Spyrill Sigurjón Bjarni Sigurjónsson, Listaháskóli Íslands  
Febrúar 8, 2016

Dixon, Steve og Barry Smith. *Digital performance: A history of new media in theater, dance, performance art and installation*. Cambridge, MA: MIT Press, 2007

„The Team.” *D1gits*, 08. Febrúar 2016 <http://d1gits.com/#the-team>